

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 195/2022**

2022/EES/66/31

frá 10. júní 2022

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2070 frá 25. nóvember 2021 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66zab (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 R 2070**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2070 frá 25. nóvember 2021 (Stjtið. ESB L 421, 26.11. 2021, bls. 31).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/2070, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júní 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Nicolas von Lingen*

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 421, 26.11.2021, bls. 31.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.